

49. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 27. nóvember 2018, kl. 13:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** Aðalsteinn Arnarsson, Rósa Jónsdóttir, Dóróþea Reimarsdóttir, Ásgeir Logi Ásgeirsson, Jón Pétur Erlingsson fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

## Dagskrá

### 1. Skipulag funda / fundaeefni

Skólameistari lagði fram eldra skipulag skólanefndarfunda. Farið yfir skipulagið og samþykkt að halda því óbreytt að svo komnu.

### 2. Settar dagsetningar funda árið 2019

Fundir vorannar verða 15. janúar, 19. mars og 28. maí, kl. 13:00.

### 3. Starfs- og fjárhagsáætlun 2019

Skólameistari lagði fram upplýsingar um fjármálaáætlun 2019, þar með stefnuskjal skólans til þriggja ára sem er hluti áætlunarinnar. Farið yfir stefnuskjalið. Einnig gerð grein fyrir ákveðnum erfiðleikum sem verið hafa í sambandi við upptöku nýs kerfis vegna fjárhagsáætlunargerðar. Engar athugasemdir gerðar af hálfu skólanefndarinnar.

### 4. Starfsmannamál

Engar breytingar eru fyrirhugaðar í starfsmannamálum á vorönn.

### 5. Tengsl við félagslíf

Skólameistari upplýsti að ný stjórn nemendafélagsins hefði verið vel virk það sem af er annar. Fulltrúi nemenda sem jafnframt er formaður nemendafélags, gerði grein fyrir þeim viðburðum sem nemendafélagið hefur staðið fyrir. Þar má nefna LAN-mót og bíókvöld. Stefnt er að jólaskemmtun og á vorönn verði opið hús í skólanum að kvöldi aðra hverja viku. Tveir klúbbar eru í gangi, tölvuklúbbar og tónlistarklúbbar. Uræður um samgöngur milli staða og hugmyndir settar fram um kynningu meðal nemenda á því sem er í boði á hverjum þéttbýlisstað, t.d. spilakvöld.

### 6. Önnur mál

#### 6.1 Útskrift

Útskrift verður úr skólanum þann 21. desember kl. 15:00.

#### 6.2 Eco Media ráðstefna

Skólameistari sagði frá því að Eco Media ráðstefnan hefði tekist einstaklega vel. Skipulag var mjög gott en það var í höndum Bjarneyjar Leu Guðmundsdóttur. Þátttakendur ráðstefnunnar voru milli 80 og 100, bæði innlendir og erlendir. Ýmsar hugmyndir komu upp sem verða skoðaðar, sumar jafnvel komnar í framkvæmd.

#### 6.3 Hleðslustöð fyrir rafbíla

Skólameistari sagði frá því að skólinn ætlaði að setja upp hleðslustöð fyrir rafbíla við skólann. Leyfi hefur fengist hjá bæjaryfirvöldum fyrir uppsetningu stöðvarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.